



Frístundarheimilið
Regnbogaland

Foreldrahandbók

Regnbogaland

Gleði - Samvinna - Sjálfstæði

Frístundarheimilið Regnbogaland er starfrækt fyrir börn í 1-3.bekk. Það opnar kl 13:10 alla virka daga og er opið til 15:45

Frístundaheimilið er opið á skertum nemendadögum en lokað á páskum, jóla- og vetrarleyfum skólans.

Frístundir fá two skipulagsdaga á skólaárinu.
Næsti skipulagsdagur er 30.maí 2025.

Umsjónarmaður: Sunna Rós Arnarsdóttir

Starfsmenn:
Tatijana Svitlica

Hulda Hildibrandsdóttir
Juan Luis

Hrafnheiður Máney Heiðudóttir
Þrúða Jóhannesdóttir

Almennar upplýsingar
Sími: 833 6473

Netfang: regnbogaland@stykk.is

Markmið Regnbogalands

- Að bjóða upp á fjölbreytt tómstundastarf.
- Að hver einstaklingur fái að njóta sín og þroskast í umhverfi sem einkennist af hlýju, öryggi og virðingu.
- Að efla sjálfsmynnd barnsins í gegnum leik og starf.
- Að leyfa börnum að þroskast félagslega færni í samskiptum í gegnum leik og starf sem og virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu.

Reglur Regnbogalands

- Í Regnbogalandi gilda sömu reglur og eru í skólanum.
- Ekki er leyfilegt a vera með **gsm síma, símaúr eða önnur snjalltæki**.
- Ekki er æskulegt að koma með leikföng að heiman nema að annað sé auglýst
- Ekki eru gefin lyf á frístundaheimilinu.

Tilkynningar og samskipti

- Foreldrar eru beðnir um tilkynna frí til umsjónarmanns eða skólaritara fyrir kl 13:00
- Mikilvægt er að tilkynningar berist okkur frá forráðamönnum. Við tökum ekki við munnlegum skilaboðum frá börnunum sjálfum þegar kemur að forföllum, vinaheimsóknnum eða upplýsingum um hver sækir.
- Vinaheimsóknir þurfa að vera skipulagðar fyrirfram því ekki er í boði fyrir börn að hringja úr sínum frístundaheimilisins með hvers kyns fyrirspurnir.
- Þegar foreldrar/forráðamenn sækja börnin þurfa þeir að láta starfsmann vita.
- Ef foreldri/forráðamaður þarf að ná tali af forstöðumanni er best að hafa samband fyrir kl.12:00, þar sem forstöðumaður hafa að öllu jöfnu viðveru að skrifstofu að morgni. Alltaf er hægt að senda tölvupóst.

BARN MÆTIR EKKI

Barn mætir ekki.

Vanti barn er leitað upplýsinga hjá skrifstofu skólans hvort búið sé að tilkynna frí eða veikindi. Starfsmenn leita að beim börnum sem eiga að mæta en skila sér ekki. Haft er samband við foreldra finnist barn ekki og verkferlar virkjaðir.



Nöfn allra barna eru skráð á viðverulista. Foreldrar eru beðnir um að tilkynna veikindi og fri til umsjónarmanns. Starfsmenn eiga að gaða þess að öll börn sem skráð eru séu merkt inn, hafi frí eða veikindi ekki verið tilkynnt. Byrjað er að kanna hvort barnið er í frí, hjá:

Ritara skóla ef um fristundaheimili er að ræða - Forráðamönnum ef um sumarnámskeið er að ræða.

Starfsmaður leitar á öllu starfssvæðinu úti og inni. Á hverjum starfsstað að vera til staðar sérstakur gátlisti þar sem taldir eru upp þeir staðir sem leitað skal á.

Rætt við barnið um mikilvægi þess að mæta á réttum tíma í fristundaheimilið/á námskeiðið og skrá sig inn. Foreldrar látnir vita í lok dags. Farsæll endir :-)

Ef um fristundaheimili er að ræða er haft samband við foreldra þegar búið er að ganga úr skugga um að barnið sé ekki á skólasvæðinu.

Leit endurtekin í samráði við foreldra. Starfsmaður tekur þátt i leit að barni í nánasta umhverfi starfssstaðarins. Foreldrar beðnir um að athuga hvort barn hafi skilað sér heim. Aðilar upplýsa hvorn annan um framgang leitarinnar.

Mikilvægt er að vera skýr í samtali við lögreglu og gefa upp nákvæmar upplýsingar, s.s. hvaðan hringt er, hver hringir, hvers vegna og svo framvegis. I sumum tilfellum tilkynna foreldrar sjálfir hvarf barns til lögreglu. Meta skal í hverju tilfelli fyrir sig hversu lengi starfsmaður tekur þátt i leitinni.

Ef það kemur ítrekað fyrir að barn skili sér ekki í starfið, verða foreldrar og starfsmenn að ræða saman um leiðir til úrbóta.

Skrá barnið mitt í Regnbogaland

- Regnbogaland notast við skráningarkerfið Vala. Þar er hægt að sækja um vistun í frístund. Farið inn á vefsíðu skólans og þar sjáið þið Vala frístund - Regnbogaland. Þaðan er farið inn á Völu með íslykli eða rafrænum skilríkjum.
- Inni á foreldraaðgangi Völu er hægt að breyta vistunartíma, skrá tómstundir barna og fleira.
- Uppsagnir eða breytingar á vistunartíma burfa að berast fyrir 20. hvers mánaðar og tekur breytingin þá gildi 1. næsta mánaðar. Ef komið er fram yfir 20. hvers mánaðar tekur breytingin ekki gildi fyrr en þar næsta mánuð, það sama á við um skráningu nýrra barna.



Fréttir Þjónu



Skóladagatal



Stundaskrár




Matseðill



Vala

VALA FRÍSTUND - REGNBOGALAND



Stundaskrá Regnbogalands

Skráning barna: Starfsmenn merkja við börnin þegar þau koma í Regnbogaland.

Klúbbar: Fara fram þrisvar sinnum í viku. Börnin hafa val um að taka þátt og eru ákveðin viðfangsefni sett upp í upphafi hvers dags og eru þau mismunandi eftir dögum.

Útivist: Gert er ráð fyrir daglegri útiveru og eru leiksvæði skólans nýtt auk þess sem farið er lengri og skemmri vettvangsferðir. Starfsfólk sinni eftirliti með frjálsum leik barna á útisvæði.

Ef þörf er á að sækja barn í frístundaskólann á meðai vettvangsferð stendur, þá þarf að hafa samband í sími frístundarskólans.

Kaffitími: Börnin borða hollt og gott nesti. Oftast er þá í boði nýtt brauð úr bakarínu, spelt brauð polarbrauð, flatköku, álegg, vatn, mjólk og ávextir. Einu sinni í mánuði er í boði skúffukaka og kakó sem slær alltaf í gegn.

STUNDASKRÁ Í REGNBOGALANDI



Snæfells íþróttir / tónó	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
13:10-13:20	Skráning barna				
13:20-14:30	Klúbbar	Frjálst val	Klúbbar	Frjálst val	Klúbbar
14:30-15:00	Kaffitími	Kaffitími	Kaffitími	Kaffitími	Kaffitími
15:00-15:30	Útivera	Útivera	Útivera	Útivera	Útivera
15:30-15:45	Frjálst val / leikir				

birt með fyrirvara um breytingar

Gjaldskrá Regnbogalands

	Árið 2025	Árið 2024	+/- %
Regnbogaland			
Vistunargjald	407	404	4,0%
Afsl. einst. foreldra	40%	40%	
Systkinaafsláttur, 2. barn	50%	50%	
Systkinaafsláttur, 3. barn	100%	100%	
Heildargæsla pr. mánuð er aldrei hærri en	22.211	22.059	4,0%
Umframtími	399	384	4,0%

Systkinaafsláttur gildir á milli leikskóla, frístundar. Systkinaafsláttur er 50% með öðru barni og 100% með þriðja barni. Afsláttur reiknast alltaf á elsta barnið. Einungis er veittur afsláttur af vistunargjaldi í frístund. Skilyrði er að hafa sama lögheimili og fjölskyldunúmer í þjóðskrá.

Umsókn gildir eitt skólaár í senn (ágúst–júní). Ef segja á upp eða breyta vistun þarf það að gerast í seinasta lagi 19. hvers mánaðar og tekur uppsögnin eða breytingin þá gildi um næstu mánaðarmót.

Tómstundir

- Varðandi tómstundaiðkun barna ykkar þá sendum við þau héðan á tíma frístundar en vert er að benda á aðeins 1.bekkur fær fylgd.
- Allar upplýsingar um tómstundir skráið þið inn á Völu og bera foreldrar/forráðamenn ábyrgð á því að skráningar séu réttar. Þar setjið þið inn upphaf æfingar og enda. Einnig þurfum við að vera upplýst um það hvort að barnið kemur aftur til okkar eftir æfingu.
- Við fáum upplýsingar eingöngu frá ykkur foreldrum/forráðamönnum svo að ef forföll verða eða breyttur æfingatími verðið þið að upplýsa okkur.
- Ef barn er ekki skráð í tómstundir í Völu er það ekki sent í tómstundir.
- Við mælum eindregið með því að þið komið og fylgið barninu ykkar fyrstu skiptin á æfingar 😊



Tónlistarskóli
Stykkishólms